

Þingflokksfundur Pírata, mánudaginn 30. janúar 2017, kl. 10.

Fundinn sátu: Ásta Guðrún Helgadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Gunnar Ingiberg Gunnarsson, Halldóra Mogensen, Jón Þór Ólafsson, Smári McCarthy, Viktor Orri Valgarðsson, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir. Einar Brynjólfsson boðaði forföll. Kristján Gunnarsson mættu á fundinn eftir hádegishlé og Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir sat fundinn undir 3., 7. og 8 lið.
Berglind ritar fundargerð.

Nr. 5/2017

1. Fundargerð

Fundargerðir frá 23. og 25. janúar 2017 voru samþykktar. Athugasemd var gerð við 4. lið fundargerðar frá 23. janúar um stefnuræðu forsætisráðherra en ákveðið var að Björn Leví skyldi halda ræðu í stað Einars.

2. Störfin framundan

Rædd voru störfin framundan og áherslur þingflokksins. Viðstaddir fóru yfir þau mál sem þau hyggjast leggja áherslu á kjörtímabilinu.

Til umræðu var ráðherraábyrgð og lagt var til að skipaður yrði vinnuhópur. Þórhildi Sunnu falin framkvæmd málsins í samvinnu við Björn, Smára og Viktor.

Þórhildur Sunna gerði grein fyrir störfum Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins. Halldóra greindi frá störfum Íslandsdeildar Alþjóðáþingmannasambandsins og fyrirhugaðri ferð til New York.

Hádegishlé

3. Kjördæmavika

Kjördæmadagar, sem verða haldnir 13. - 16. febrúar nk., voru til umræðu. Rætt um hugmyndir að viðburðum [sem þingmenn skipuleggja í kjördæmaviku]. Sigríður Bylgja verður í sambandi við þingmenn varðandi viðburði [í grasrót].

4. Þingmál og munnlegar fyrirspurnir

Rætt var um þingmál og fyrirspurnir, og gert var grein fyrir málum í vinnslu. Lagt var til að útbúa sameiginlegt skjal þingflokksins fyrir fyrirspurnir og hugmyndir að fyrirspurnum. Smári mun fylgja málinu eftir og hafa samband við Oktavíu. Jón Þór greindi frá sameiginlegu skjali með yfirliti yfir þingmál Pírata. Jón Þór fylgir málinu eftir og verður í sambandi við Oktavíu.

Ásta Guðrún greindi frá sérstökum umræðum sem fara fram á morgun um stjórn málaástandið í Bandaríkjunum.

5. Þingflokksstjórn

Tillaga að nýrri þingflokksstjórn var rædd. Rætt var um fyrirkomulag um þingflokksformennsku og ákveðið var að ræða málið betur á næsta þingflokksfundi.

Ný þingflokksstjórn var kjörin samhljóða og er hún þannig skipuð:

Ásta Guðrún Helgadóttir, formaður

Einar Brynjólfsson, varaformaður

Björn Leví Gunnarsson, ritari

6. Kosning í nefndir og ráð

Dagskrárlið frestað.

7. Samvinna við grasrót

Ákveðið var að bjóða Helga Hrafn á þingflokksfund næsta mánudag til að ræða brúna milli þings og þjóðar. Sigríður Bylgja kynnti lagabing sem haldið verður á vormánuðum. Viktor Orri minnti á kjördæmavikuna í febrúar.

8. Önnur mál

Tilkynning vegna aðgerða Bandaríkjaforseta var rædd.

Samþykkt var samhljóða að tilnefna Snowden og Manning til friðarverðlauna Nóbels.

Fundi slitið kl. 15:28.